



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

DANS2LB05

Kennari	Helga Salbjörg Guðmundsdóttir helga.gudmundsdottir@fss.is Sveinn Ólafur Magnússon sveinn.magnusson@fss.is	 
Viðtalstími	Helga; mánudögum kl. 10.30 – 11.10 Sveinn; mánudögum kl. 14.00 - 14.40	
Námsefni	Glimt – smásögubók, keypt í bókabúð. Hefti útbúið af kennara. Kvikmynd og þættir. Innslög, blaðagreinar ofl	
Áfangalýsing	Upprifjun í byrjun annar. Lesnar verða smásögur og blaðagreinar til að auka lesskilning nemenda. Unnin verða verkefni í hefti. Lögð verður áhersla á hlustun í gegnum þætti, innslög og kvikmyndir. Mikilvægt er að nemendur læri að tjá sig á dönsku, því munnleg skilaverkefni og próf munu gilda til einkunnar.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi án lokaprófs og til að ná markmiðum hans þarf að skila öllum verkefnum. <u>Til að standast áfangann þarf nemandi að:</u> • fá samtals lágmarkseinkunnina 4,5 í hverjum námsþætti • hafa tekið öll lotuprófin • hafa tekið munnlega prófið • hafa tekið ritunarpróf • hafa tekið lesskilningsprófið	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Heiti	Vægi
	Lestur og lesskilningur	40 %
	Munnlegt	20 %
	Hlustun	15 %
	Ritun og málfræði	15 %
	Verkefnaskil, virkni og vinnubrögð	10 %

Reglur áfanga	Verkefnum skal skilað á réttum tíma. Eftir skilafrest verður eingöngu tekið við verkefnum í stoðtíma. Það verða 2 stoðtímar á önninni, einn fyrir miðannarmat og annar í lok annarinnar. Hver nemandi fær aðeins að skila einu verkefni í stoðtíma og taka eitt próf. Eftir stoðtíma er ekki hægt að skila verkefnum úr fyrri tímum. Verkefni sem tekin eru beint af netinu eða frá öðrum, fá núll og nemandi fær ekki tækifæri til að skila verkefninu aftur. Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Nemendum ber að fylgjast vel með á Innu yfir önnina því þar verður mikilvægt efni, skipulag, skilaboð og annað sett inn. Í áfanganum er símat og til að ná markmiðum hans þarf að skila öllum verkefnum og lágmarkseinkunn í hverjum námsþætti að vera 4,5. Nemendur mega ekki fá fleiri en 10 fjarvistir á önninni. Ath. að ekki skiptir máli hver ástæða fjarvista er.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur sem eru fjarverandi vegna veikinda eða annars, verða að fylgjast með á Innu og vinna verkefnin. Verkefni sem tekin eru beint af netinu eða frá öðrum, fá núll og nemandi fær ekki tækifæri til að skila verkefninu aftur. Nemendur bera ábyrgð á að skila verkefnum á formi sem hægt er að opna þau, annars verður ekki gefin einkunn.
--	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Þyngri orðaforða en í fyrri áföngum. • Hlustun sem tengist lestextum og almennum efnum. • Talæfingum þar sem orðaforði lesefnis er notaður. • Helstu hefðum í uppsetningu og skipulagi ritaðs máls.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Skilja venjulegt talað mál. • Skilja rauntexa s.s. blaðagreinar. • Rita texta um innihald lesins efnis og tjá skoðanir sínar í rituðu máli. • Tjá skoðanir sínar um dægurmál og lesið efni. • Lesa sér til gagns og ánægju
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Lesa almenna texta og blaðagreinar til skilnings • Skilið talað einfalt mál. • Sagt frá efni sem búið er að fjalla um og spjallað frjálst. • Getað skrifað texta með undirbúnum orðaforða	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Ritgerð / Skýrsla	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. ágúst	1. LOTA – Upprifjun og smásögur	
2. vika 25. – 29. ágúst	1. LOTA – Upprifjun og smásögur	
3. vika 1. – 5. september	1. LOTA – Upprifjun og smásögur	
4. vika 8. – 12. september	1. LOTA – Upprifjun og smásögur	Lotupróf 1 Verkefnahefti - skil
5. vika 15. - 19. september	2. LOTA – Vores liv	
6. vika 22. - 26. september	2. LOTA – Vores liv Fredløs – serie + opgaver	Ritunarpróf 1 úr þáttum
7. vika 29. sept. - 3. október	2. LOTA – Vores liv	
8. vika 6. - 10. október	2. LOTA – Vores liv	Lotupróf 2 Verkefnahefti – skil
9. vika 13. - 17. október <i>Námsmatsdagur 16. okt. Vetrarleyfi 17. okt.</i>	3. LOTA - Vores miljø	
10. vika 20. - 24. október <i>Vetrarleyfi 20. okt.</i>	3. LOTA – Vores miljø	
11. vika 27- 31. október	3. LOTA – Vores miljø	
12. vika 3. - 7. nóvember	3. LOTA – Vores miljø	
13. vika 10. - 14. nóvember	3. LOTA – Vores miljø	Lotupróf 3 Verkefnahefti - skil Hlustunarpróf 1
14. vika 17. - 21. nóvember	Munnleg próf úr efni lotu 3	Munnleg próf
15. vika 24. - 28. nóvember <i>Dimissio 28. nóv.</i>	Kvikmynd ofl.	Hlustunarpróf 2
16. vika 1. - 8. desember <i>Stoðdagur mánudaginn 8. des.</i>	Ritunarpróf úr mynd Próf og uppsóp Stoðdagur	Ritunarpróf 2 Hlustunarpróf 3 Lesskilningspróf

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Helga Salbjörg Guðmundsdóttir
Sveinn Ólafur Magnússon